



195. fundur skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurlands haldinn í Odda 13. júní 2017 kl. 09:00.

Mætt: Elín Einarsdóttir, Haraldur Eiríksson, Hólmfríður Sigrún Gylfadóttir (fulltrúi foreldra), Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Jón G. Valgeirsson (boðaði forföll), Halldóra Hjörleifsdóttir (varamaður), Jóna S. Sigurbjartsdóttir, Kristín Traustadóttir, Olga Lísu Garðarsdóttir, Sigursveinn Már Sigurðsson (fulltrúi kennara) (boðaði forföll), og Þórarinn Ingólfsson.

Ingvar Pétur setti fundinn og bauð fólk velkomið.

Dagskrá:

1. Staðan núna

Olga Lísu gerði grein fyrir stöðu innritunarmála og hvað væri framundan í þeim málum. Í ljós hefur komið að aðsókn er mikil í verknámið og fagna menn þeirri stöðu.

2. SVÓT greining

Byrjað á að ræða aðeins almennt um stöðu skólans í dag. Ingvar minntist á mikilvægi þess að nám yrði í boði sem tengt væri við ferðaþjónustuna. Fundarmenn tóku undir þau orð Ingvars. Komið var inn á að fáir væru að sækja á ferða- og matvælabrautina sem er í boði við skólann.

Skólameistari útskýrði fyrir fundarmönnum hvað það er sem nemendur eru að gera í nýju kerfi og hvernig álag hefur aukist með styttingu náms til stúdentsprófs. Nú er miðað við þrjú ár en ljúka þarf 200 einingum á þeim tíma en ætti í raun að vera 180 einingar ef það væri jafnmikið og stúdentsprófið var áður.

Rætt var um búsetumál vegna nemenda okkar sem koma lengst að í skólann og veikleika sem tengjast því. Ekki eru sjáanlegar lausnir eins og er.

Möguleikar voru ræddir vegna viðbyggingar Hamars. Áhugi er fyrir að skoða möguleika varðandi nýsköpun og einnig áframhaldandi nám í þeim greinum sem eru í boði í dag.

Samstarf við fyrirtæki í nágrenninu hefur aukist og hefur Starfamessan örugglega haft jákvæð áhrif á skólastarfið.

Með fækkun nemenda hefur rými aukist í Odda, Iðu og Hamri og gefur það aukna möguleika til þess að leita á nýjar slóðir varðandi námsframboð.

Gert var kaffihlé á fundi um kl. 10:00.

Eftir kaffihlé byrjuðu fundarmenn á því að skrá á blað hjá sér S – sterkar hliðar, V – veikar hliðar, Ó – ógnanir og T – tækifæri. Alls var miðað við að hver setti nokkur atriði í hvern reit.

Þegar menn höfðu setið yfir þessu í um það bil 5 – 8 mínútur sagði hver og einn frá sínu þ.e. hvað þau settu á blaðið og inn í reitina fjóra. Blaðinu var síðan skilað til ritara og var ákveðið að hann tæki þetta saman og léti fylgja með fundargerðinni.



FJÖLBRAUTASKÓLI SUÐURLANDS

Tryggvagötu 25 • 800 Selfoss • Sími 480 8100 • Fax 480 8188 • Kennitala 491181-0289 • Netfang fsu@fsu.is • Veffang www.fsu.is

Næsti fundur er fyrirhugaður í september
Ekki ákveðið nákvæmlega hvenær.

Fundi slitið kl. 11:15
Fundarritari,
Þórarinn Ingólfsson

SVÓT greining af fundinum

Sterkar hliðar	Veikar hliðar	Ógnanir úr umhverfi	Tækifæri í umhverfi
Fjölbreyttur skóli	Vantar heimavist	Fækkun nemenda minna val	Nýjar námsbrautir með nýju húsi
Íþróttaakademíur	Takm. á inntöku nemenda v. heimav.	Fjármagn frá ári til árs – ákveðin óvissa	Hátækniþúnaðurinn
Fjölbreytt námsframboð	Ólíkir grunnskólar	Þensla á atvinnumarkaði	Starfamesa
Vel mannaður	Nem. með breyttil. bakgrunn	Nálægð við Reykjavík	Garðyrkja – Reykir
Jákvæð viðhorf í samfélaginu	Erfitt að halda úti félagslífi eftir skólad.	Verri undirbún. nema úr grunnskólunum ?	Verðlaun á brautskr.
Fjölbrenn. hópur frá ýmsum bæjarfél.	Vanlíðan nemenda	Lækkun framlags til skólans vegna fækkunar	Senda fréttir af verknámi
Góður starfsandi	Ekki nægilega sterk ímynd hjá verðandi framhaldsskólanem.	Samkeppni við aðra skóla.	Mikið af góðum tækniþúnaði í nýja húsið
Batnandi skólabragur	Upplýsingar á moodle	Tungumál	Námsframboð
Nægilegt framboð áfanga	Nemendaráð ?	Hraði náms leiði til meiri einhæfni	Samstarf við fyrirtæki og skóla annarra skólastiga
Nægjanlegt húsrými	Búseta nemenda utan almenningsgangna	Raungreinar	Sterk staða ferðaþj. og matvælaíðnaðar í héraði
Nóg af starfsfólki	Lítill aðsókn í matvæla- og ferðamannalínu	Hugsanleg stytting náms í 3 ár	Efla enn frekar samstarf skólastiga
Sterk fjárhagsstaða	Miklar vegalengdir á skólasvæði	Nemendur einblína of mikið á það sem þeir þurfa til að komast í háskóla	Frumkvöðlamenntun
Sveigjanleiki	Úrræði fyrir nemendur sem búa fjær	Félagslegi þátturinn getur orðið undir	Ungmennaráð SASS tenging við skóla
Verknámsbrautir	Hár kostnaður við strætó	Krafa samfélags á nemendur v. styttingar náms	Ferðamátatengt nám



FJÖLBRAUTASKÓLI SUÐURLANDS

Tryggvagötu 25 • 800 Selfoss • Sími 480 8100 • Fax 480 8188 • Kennitala 491181-0289 • Netfang fsu@fsu.is • Veffang www.fsu.is

Gamalgróin stofnun	Ekki hægt að klára allt iðnnám í skólanum	Þensla á húsnæðismarkaði	Verknámshús
Nýtt verknámshús	Félagslíf	Þensla á atvinnumarkaði	Fab lab
Frábær aðstaða			Nýsköpunarbraut
Lítil starfsmannavelta			Snyrtifræði
Góð aðsókn			Styttra nám býður upp á möguleika í nýtingu húsnæðis
Staðsetning			Auðvelt að ná inn í annan skóla á Suðurlandi
Vel haldið utan um nemendur			Meira samstarf við atvinnulífið
Skóli með gott orð á sér			Nálægð við Reykjavík
Reynslumikill hópur starfsfólks			
Sveigjanleiki			
Gott íþróttastarf			